

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um verðtryggða skuldabréfavexti.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hafa óverðtryggðir skuldabréfavextir og óverðtryggðir útlánsvextir banka þróast í framhaldi af vaxtalækkunum Seðlabanka á sl. ári?
2. Hvaða áhrif hafa vaxtalækkunir Seðlabankans haft á verðtryggða skuldabréfavexti?
3. Hafa verðtryggðir útlánsvextir bankanna fylgt lækkun verðtryggðra skuldabréfavaxta? Ef ekki, hvaða skýringar eru taldar vera á því?
4. Hver eru viðbrögð ráðherra við því mati Seðlabankans að frekara svigrúm sé til að lækka verðtryggða vexti? Telur ráðherra rétt að beina tilmælum til bankanna um frekari lækkun á verðtryggðum skuldabréfavöxtum?

Skriflegt svar óskast.